

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna akstur vöru- og hópbifreiða norður Suðurgötu, frá Skothúsvegi að Vonarstræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. september 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Brúarland og Leifsstaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í því að svæði sunnanvert í landi Brúarlands og ofan við Leifsstaðaveg sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarsvæði og 1,13 ha svæði ofan við Leifsstaðaveg og vestan við núverandi íbúðarsvæði sem skilgreint er sem sumarhúsasvæði breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*